

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

FUNDARGERÐ

187. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, föstudaginn 28. apríl 2017 kl. 14:30.

Mætt: Ágúst Ingi Ólafsson, Egill Sigurðsson, Sigfús Davíðsson, Nanna Jónsdóttir, Jón Sæmundsson frá VERKÍS og Ómar Sigurðsson.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fund og stjórnaði honum.

ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Framkvæmdir á Strönd. Jón Sæmundsson hjá VERKÍS mætir á fundinn og fer yfir stöðuna varðandi framkvæmdir.


Jón Sæmundsson fór yfir ýmsar kröfur varðandi magnaukningu og verðbreytingar vegna tafa á verkinu. Tafir urðu fyrst og fremst vegna hönnunargalla og tafa á leiðréttingum. Samþykkt að taka tillit til réttmætra krafna.

2. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. samþykkir að sækja um lán á fjárhæð kr. 70 milljónir til 17 ára hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna lóðarframkvæmda á Strönd, en á meðan á framkvæmdum stendur samþykkir stjórn að tekið sé skammtímalán hjá Lánasjóðnum til að brúa bilið. Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. samþykkir að veita Ágústi Inga Ólafssyni, formanni stjórnar Sorpstöðvarinnar fullt umboð til að ganga frá skammtímaláninu og í framhaldinu viðkomandi lánssamningi að framkvæmdum loknum.


3. Trjáskurlun á Strönd.

Samþykkt að taka tilboði Hópsnes ehf- HP Gámar.

Handwritten signatures in blue ink, including a large signature on the left, a smaller one on the right, and the number 178 in the center.

4. Önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 15:40


Sigrún Ólafur
Ólafur
Ólafur Ólafur
Ólafur
Ólafur Ólafur